

# Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 750/2008

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

<b>1.1 Vörukenni:</b>	<b>Læsingaolía 50 ml</b>		
<b>Vörunúmer:</b>	<b>LM1528</b>		
<b>1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:</b>			
<b>Viðeigandi notkun</b>	Smurefni fyrir hurðalæsingar í úðabrusa.		
<b>Notkun sem ráðið er frá</b>	Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.		
<b>1.3 Söluaðili:</b>	<b>Stilling ehf</b>	<b>Framleiðandi:</b>	LIQUI MOLY GmbH
	Kletthálsi 5		Jerg-Wieland Strasse 4
	110 Reykjavík		D-89081 Ulm-Lehr
			Þýskaland
<b>Sími:</b>	5208000		00-49-731-1420-0
<b>Netfang:</b>	<a href="mailto:stilling@stilling.is">stilling@stilling.is</a>		<a href="mailto:info@liqui-moly.de">info@liqui-moly.de</a>
<b>Veffang:</b>	<a href="http://www.stilling.is">www.stilling.is</a>		<a href="http://www.liqui-moly.de">www.liqui-moly.de</a>
<b>1.4 Neyðarsímanúmer:</b>	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

## 2. Hættugreining

### 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H222	Afar eldfimt úðaefni	Eldf.úðaefni 1
H229	Þrýstihylki. Sprengifimt við upphitun	Eldf.úðaefni 1
H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H319	Veldur alvarlegri augnertingu	Augnert.2
H336	Getur valdið sljóleika eða svima	SEM-VES 3
H412	Skaðlegt lífi í vatni með langvinnum áhrifum	Langv.eit.á vatn 3

Flokkun skv. tilskipunum EB 67/548 og 1990/45 (með síðari breytingum): (Ísl. reglugerð 236/1990 með síðari breytingum:)

<b>F+</b>	H12	Afar eldfimt	
	H52/53	Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni	
<b>Xn</b>	H65	Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku	
	H67	Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima	

### 2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættutákn:

Viðvörðunarorð: **HÆTTA**

<b>Hættusetningar</b>	H222	Afar eldfimt úðaefni
	H229	Þrýstihylki. Sprengifimt við upphitun
	H315	Veldur húðertingu
	H319	Veldur alvarlegri augnertingu
	H336	Getur valdið sljóleika eða svima
	H412	Skaðlegt lífi í vatni með langvinnum áhrifum

<b>Varnaðarsetningar</b>	P101	Ef leita þarf læknis skal hafa umbúðir eða umbúðamerkingar tiltækar.
	P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
	P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. - Reykingar bannaðar.
	P211	Má ekki úða á opinn eld eða annan hita- og neistagjafa.
	P251	Þrýstihylki: Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.
	P260	Andið ekki að ykkur úða/gufu/ýringi.
	P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlífir/andlitshlífir.
	P305+P351+P338	BERIST EFNID Í AUGU: Skolið varlega með vatni í nokkrar mínútur. Fjarlægjið snertilinsur ef það er auðvelt. Skolið áfram.
	P312	Hringið í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni ef lasleika verður vart.
	P405	Geymist á læstum stað.
	P410+P412	Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C.
	P501	Fargið innihaldi/fláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku
	EUH208	Inniheldur blöndu af bensensúlfonsýru og dí-C10-C14-alkýlafleiðu kalsíumsöltum. Getur framkallað ofnæmisviðbrögð.
	<b>Inniheldur:</b>	Vetniskolefni, C6-C17, n-alkana, ísóalkana, hring sambönd, <5% n-hexan. Própan-2-ól. Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti, sé loftræsting ófullnægjandi.,

**2.3 Aðrar hættur:** Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.  
*Sjá einnig 11. og 15. lið.* (**PBT:** Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB:** Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

### 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

**3.1 Efni:** Á ekki við

**3.2 Blöndur:** Úðabrúsi.

1-deken trímer, vetnismeðhöndluð			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119493949-12-xxxx	Innihald %	10 - 30
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	500-393-3	H-setningar	-
CAS	157707-86-3	Flokkun, hættumerking	-
<b>Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)</b>			
Eit.v.ásvelg. 1 - H304			

2-Própanól			
Skráningarnúmer ECHA		Innihald %	10 - <20
Raðnúmer	603-117-00-0	Varnaðarmerki:	F, Xi
EINECS, ELINECS	200-661-7	H-setningar	H11, H36, H67
CAS	67-63-0	Flokkun, hættumerking	Mjög eldfimt, Ertandi
<b>Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)</b>			
Eldf.vökvi 2 - H225, Augnert. 2 - H319, SEM-VES 3 - H336			

Vetniskolefni, C6-C7, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar, <5% hexan			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119475514-35-xxxx	Innihald %	10 - <20
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	F, Xi, Xn, N
EINECS, ELINECS	921-024-6	H-setningar	H11, H38, H51, H53, H65, H67
CAS	-	Flokkun, hættumerking	Eldfimt, Ertandi, Hættulegt heilsu, Hættulegt umhverfinu
<b>Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)</b>			
Eldf.vökvi 2 - H225, Eit.v.ásvelg. 1 - H304, Húðert.2 - H315, SEM-VES 3 - H336, Langv.eit.á vatn 2 - H411			

Blanda af bensensúlfonsýru og dí-C10-C14-alkýlafleiðu kalsíumsöltum*			
Skráningarnúmer ECHA	01-211997841-36-xxxx	Innihald %	0,1 - <10
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	939-603-7	H-setningar	H43
CAS	-	Flokkun, hættumerking	-
<b>Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)</b>			
Húðnæm.1 - H317			

Fosfórdípiósýru, blanda O,O-bis(2-etylhexýl) og ísó-Bu og ísó Pr) estera og sínkjalta			
Skráningarnúmer ECHA	-	Innihald %	0,1 - <1
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	Xi, N
EINECS, ELINECS	288-917-4	H-setningar	H38, H41, H51, H53
CAS	85940-28-9	Flokkun, hættumerking	Ertandi, Hættulegt umhverfinu
Hættuflokkun/Hættusetningar			
Húðert.2 - H315, Augnskað.1 - H318, Langv.eit.á vatn 2 - H411			

\*) Efni með takmörkunarfæribreytu skv. REACH skráningu.

Annað:

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

## 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

### 4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

<b>Almennt</b>	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni.
<b>Innöndun</b>	Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.
<b>Snerting við húð</b>	Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu.
<b>Snerting við augu</b>	Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolun. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt.
<b>Inntaka</b>	Framkallið ekki uppköst. Leitið strax lækni. Sýnið öryggisblaðið.

### 4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Sjá lýsingu í lið 11. Birtingu einkenna getur seinkað um allmargar klukkustundir.

Einkenni: Hósti, höfuðverkur, skaði á miðtaugakerfi.

Langtímaeinkenni: Affitar húð, Endurtekin snerting getur valdið þurri og sprunginni húð.

### 4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

## 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

### 5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft, froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.

Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli.

### 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð, eitruð niðurbrotsefni, eld- og sprengifimar blöndur með lofti. Sprengihætta við upphitun. Gufa er þyngri en loft og getur borist með gólfí að íkveikjuvöldum.

### 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargið skv.13.lið.

## 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði.

Fjarlægið alla hita- eld- og neistagjafa. Reykið ekki.

### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi.

### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Við losun gufu skal tryggja góða loftræstingu. Gerið varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

### 6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

## 7. Meðhöndlun og geymsla

### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Fjarlægjið eld- og neistagjafa. Forðist hátt hitastig og myndun stöðurafmagns.

Úðabrúsi: Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C. Gatið ekki eftir notkun.

Úðið ekki á heita fleti. Losið ekki í niðurföll. Fylgið notkunarleiddbeiningum.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuléum og þegar vinnu er lokið.

Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju.

Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

### 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum

á köldum, þurrum, vel loftræstum og eldvörðum stað. Gufa er þyngri en loft og getur legið með gólfi.

Forðist hátt hitastig (>50°C), beint sólarljós, opinn eld og aðra íkveikjuvalda og stöðurafmagn.

Geymið fjarri oxurum.

### 7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

## 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

### 8.1 Takmörkunarfærubreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
Própan-2-ól	400	999	500	1250	WEL
Vetniskolefni, C6-C7, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar, <5% hexan		800			WEL
Olíuúði (jarðolía)		5		10	WEL
Vetniskolefni, C3-C4	1000		1250	2180	WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtíamörk váhrifa (8 klst/dag).

2-Própanól					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	500	mg/m3
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	888	mg/kg/lík.p/dag
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	319	mg/kg/lík.p/dag
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	89	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	26	mg/kg
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	206	mg/kg/lík.p/dag
Umhverfi	Ferskvatn		PNEC	141	mg/l
Umhverfi	Sjór		PNEC	141	mg/l
Umhverfi	Set/ferskvatn		DNEL	552	mg/l
Umhverfi	Set/sjór		PNEC	552	mg/l
Umhverfi	Jarðvegur		PNEC	28	mg/kg

Vetniskolefni, C6-C7, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar, <5% hexan					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	773	mg/kg/líkamsþ/d
Atvinnutengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	2035	mg/m3
Neytendatengt	Fólk, inntaka	Langtíma	DNEL	699	mg/kg/líkamsþ/d
Neytendatengt	Fólk, ísog um húð	Langtíma	DNEL	699	mg/kg/líkamsþ/d
Neytendatengt	Fólk, innöndun	Langtíma	DNEL	608	mg/m3

### 8.2 Váhrifavarnir:

#### Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum.

Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnaskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörinni fjarri matvörum.

**Persónuhlífar****Augnhlífar****Húð - hendur**

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn. (EN166)

Notið efnaþólna hlífðarhanska úr nitrilgúmmí eða Neopren.

(EN374, >=0,4mm, gegnstreymistími >480 mín.).

Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.

Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnu gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.

**Húð - annað**

Mælt er með notkun langerma vinnufatnaðar og öryggiskófatnaðar. (EN20345). (EN14387).

**Öndunarfæri**

Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkennda öndunargrímu með slúgerð A P 3.

Við háan styrk ætti að nota sjálfstæðan öndunarbúnað (EN137, EN138).

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

<b>Eðlisástand:</b>	Vökvi (aerosol)
<b>Lykt:</b>	Einkennandi
<b>Litur:</b>	Glær
<b>Eðlismassi við 20°C:</b>	- g/cm <sup>3</sup>
<b>Leysanleiki í vatni:</b>	Óleysanlegt
<b>Oxandi eiginleikar:</b>	Nei

### 9.2 Aðrar upplýsingar:

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

### 10.1 Hvarfgirni:

Varan hefur ekki verið prófuð.

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Möguleg uppsöfnun eld- og sprengifimrar gufu.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, opinn eldur, stöðurafrægn og aðrir íkveikjuvaldar. Sprengihætta við upphitun.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Oxarar.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: kolmónoxíð, koldíoxíð, eitruð niðurbrotsefni, eld- og sprengifimar blöndur með lofti. Sprengihætta við upphitun. Gufa er þyngri en loft og getur borist með gólfi að íkveikjuöldum.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

1-deken trímer, vetnismeðhöndluð					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD <sub>50</sub>	>5000	mg/kg	rotta	

2-Própanól					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD <sub>50</sub>	4570	mg/kg	rotta	
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD <sub>50</sub>	12800	mg/kg	kanína	
Bráð eiturhrif, innöndun	LC <sub>50</sub>	30	mg/l/4 klst	rotta	
Húðæting/erting		Neikvætt		kanína	
Alvarlegur augnskaði		Ertandi		kanína	
Næming, húð eða öndunarfæri		Veldur ekki næmingu		Mús	OECD 406
Helstu einkenni		Öndunarerfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, ógleði, uppköst, höfuðverkur, vímuáhrif, síjóleiki.			

Vetniskolefni, C6-C7, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar, <5% hexan					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhrif, inntaka	LD <sub>50</sub>	>5840	mg/kg	rotta	OECD 401
Bráð eiturrhrif, ísog um húð	LD <sub>50</sub>	>2920	mg/kg	rotta	OECD 402
Húðæting/erting		Ertandi og affitandi			
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt			
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			
Ásvelgingarhætta		Já			
Einkenni	Meðvitundarleysi, höfuðverkur, svimi, sljóleiki, erting í slímhúðum, truflanir á hjarta og æðakerfi, vanlíðan, uppköst, magaverkir, lungnabólga við ásvelgingu.				

Blanda af bensensúlfonsýru og dí-C10-C14-alkýlafleiðu kalsíumsöltum*					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhrif, inntaka	LD <sub>50</sub>	>5000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrhrif, ísog um húð	LD <sub>50</sub>	>5000	mg/kg		
Bráð eiturrhrif, innöndun	LC <sub>50</sub>	>1,9	mg/l/4 klst	rotta	
Húðæting/erting		Neikvætt			
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt			
Næming, húð eða öndunarfæri		Veldur ekki næmingu			
Eiturrhrif á gerla		Neikvætt			Ames próf

Vetniskolefni, C3-C4					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 474
Sértæk eiturrhrif á marklíffæri (VES)	NOAEC	10000	ppm	rotta	OECD 413

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

### 12.1 Eiturrhrif:

Læsingaolía 50 ml					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Annað		Inniheldur ekki AOX efni (lífræn efni með halogenum sem geta aðsogast)			

1-deken trímer, vetnismeðhöndluð					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrhrif	LC <sub>50</sub>	>1000 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturrhrif	NOELR	125 mg/l	21 d.	Daphnia	
Eiturrhrif	EC <sub>50</sub>	>1000 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturrhrif	NOELR	1000 mg/l	72 klst	Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot		Tregt niðurbrot			
Uppsöfnun í lífverum	BCF	>10			
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt
Eiturrhrif á gerla	EC <sub>50</sub>	1000 mg/l	3 klst	seyra	

2-Própanól					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrhrif	LC <sub>50</sub>	9640 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturrhrif	LC <sub>50</sub>	13299 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturrhrif	EC <sub>50</sub>	>1000 mg/l	72 klst	Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot			95% 21 d	(OECD 301E).	
Uppsöfnun í lífverum			Log Pow 0,05	(OECD 107)	
PBT/vPvB			Neikvætt		
Eiturrhrif á gerla	EC <sub>50</sub>	5175 mg/l	18 klst	pseudomonas	DIN 38412 T8
Annað		ThOD=2,4 g/g, BOD5=53%, COD=96%			

Vetniskolefni, C6-C7, n-alkanar, ísóalkanar, hringalkanar, <5% hexan					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturrhrif	LC <sub>50</sub>	11,4 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturrhrif	EC <sub>50</sub>	3 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturrhrif	EC <sub>50</sub>	30 mg/l	72 klst	Þörungar	OECD 201
Þrávirkni og niðurbrot		Brotnar auðveldlega niður			
Uppsöfnun í lífverum	BCF	242-253			
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt
Annað		DOC= 80% (28d)			

Blanda af bensensúlfonsýru og dí-C10-C14-alkýlafleiðu kalsíumsöltum*					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	EC <sub>50</sub>	>100 mg/l	96 klst	Fiskar	OECD 203
Eiturhrif	EC <sub>50</sub>	>100 mg/l	48 klst	Daphnia	OECD 202
Eiturhrif	EC <sub>50</sub>	>100 mg/l	72 klst	Þörungar	OECD 201
Þrávirkni og niðurbrot		8%			Tregt niðurbrot
Uppsöfnun í lífverum	BCF	70,8			
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	8			20°C
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt
Eiturhrif á gerla	EC <sub>50</sub>	>10000 mg/l			OECD 209
Annað				Leysanleiki í vatni 0,0001 g/l	

Vetniskolefni, C3-C4					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC <sub>50</sub>	14,22 mg/l	48 klst	Daphnia	reiknuð stærð
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	1,1-2,8			

## 13. Förgun

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

#### Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:  
16 05 04 (gaskennd efni í þrýstihylkjum (þar með talin halón) sem innihalda hættuleg efni)

#### Óhreinar umbúðir

Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Hvorki skal gata, brenna eða skera í umbúðir  
Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:  
15 01 04 (málmumbúðir)

## 14. Upplýsingar um flutninga

#### ADR:

UN Númer 1950  
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS  
Hættuflokkur: 2.1  
Þökkunarflokkur: -  
Hættuundirflokkur: 5F  
Jarðgangaflokkun: D  
Mengunarhætta: Já

#### Varúðarmerking



#### IMDG:

UN Númer 1950  
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS  
Hættuflokkur: 2.1  
EmS: F-D, S-U  
Þökkunarflokkur: -  
Mengunarhætta: Já



#### IATA:

UN Númer 1950  
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS, FLAMMABLE  
Hættuflokkur: 2.1  
Þökkunarflokkur: -



## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

### 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP), 67/548 EB (DSD), 1999/45 EB (DPD). 2004/42 og 13/01/2010.  
Íslenskar reglugerðir 236/1990, 750/2008 og 866/2012.  
VOC (EB 1999/13) 83%

### 15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

## 16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H11	Mjög eldfimt
H36	Ertir augu
H38	Ertir húð
H41	Hætta á alvarlegum augnskaða
H43	Getur valdið ofnæmi í snertingu við húð
H51	Eitrað vatnalífverum
H52/53	Skaðlegt vatnalífverum, getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
H53	Getur haft skaðleg langtímaáhrif á lífríki í vatni
H65	Hættulegt: getur valdið lungnaskaða við inntöku
H67	Innöndun gufu getur valdið sljóleika og svima
H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H304	Getur verið banvænt ef kyngt og komist í öndunarveg
H315	Veldur húðertingu
H317	Getur framkallað ofnæmisviðbrögð í húð
H318	Veldur alvarlegum augnskaða
H319	Veldur alvarlegri augnertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H411	Eitrað lífi í vatni með langvinnnum áhrifum

Útgáfa/Dags: 1/15.02.2015

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vörna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

**LIQUI-MOLY GMBH**

**SAFETY DATA SHEET according to Regulation (EC) No 1907/2006, Annex II**

**TUERSCHLOSS-PFLEGE 50 ML**

Útgáfa: 22.10.2013 Útgáfa 0011

Kemur í stað: 27.11.2012 Útgáfa 0010